

35. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar mánudaginn 19. september 2011 2011, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Rekstraryfirlit Blönduósbæjar fyrstu 8. mánuði ársins**
 - 2. Forsendur endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar 2011**
 - 3. Fundargerðir:**
 - a) 19. ársþing SSNV frá 26.-27. ágúst 2011**
 - b) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 26. ágúst 2011**
 - c) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 4. ágúst 2011**
 - 4. Erindi frá Sagaz frá ágúst 2011**
 - 5. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 24. ágúst 2011**
 - 6. Bréf frá Umboðsmanni Alþingis frá 14. júlí 2011**
 - 7. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 19. ágúst 2011**
 - 8. Bréf frá Guðmundi S. Jóhannssyni frá 7. september 2011**
 - 9. Grunnskólinn á Blönduósi**
 - 10. Skólavist utan lögheimilissveitarfélags**
 - 11. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Rekstraryfirlit Blönduósbæjar fyrstu 8. mánuði ársins

Valgerður Hilmarsdóttir mætti á fundinn og gerði grein fyrir rekstri sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.

Bókaðar tekjur fyrstu 8 mánuði ársins eru alls 431,9 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir tekjum að upphæð 640 millj. kr allt árið 2011. Tekið skal fram að tekjur vegna álagðra fasteignagjalda eru bókaðar til tekna á tímabilinu febrúar-ágúst.

Bókuð útgjöld fyrstu 8 mánuði ársins eru 364,8 millj. kr. en fjárhagsáætlun ársins gerir ráð fyrir útgjöldum upp á 580, 6 millj. kr. allt árið. Niðurstaða úr rekstri fyrstu 8 mánuði er 65,9 millj. kr. tekjur umfram gjöld en fjárhagsáætlun án afskrifta, verðbóta og söluhagnaðar gerir ráð fyrir 59,4 millj. kr. tekjum umfram útgjöld.

Fjárfestingar fyrstu 8 mánuði eru 2,9 millj. kr. en gert er ráð fyrir 7 millj. kr í fjárfestingar árið 2011.

2. Forsendur endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar 2011

Fjármálastjóri gerði grein fyrir helstu frávikum í fjárhagsáætlun 2011. Ljóst er að kjarasamningar munu hafa áhrif til breytinga á fjárhag Blönduósþéttbæjar. Jafnframt er breyting á verðbólguáspá. Áætlun gerði ráð fyrir 2% verðbólgu á árinu 2011. Verðbólgan í ár verður 5-6%.

Valgerður Hilmarsdóttir yfirgefur fundinn

3. Fundargerðir:

a) 19. ársþing SSSV frá 26.-27. ágúst 2011

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.

b) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 26. ágúst 2011

Fundargerðin er í 6. liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.

c) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 4. ágúst 2011

Fundargerðin er í 5. liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.

4. Erindi frá Sagaz frá ágúst 2011

Útgáfufyrirtækið SagaZ ehf. undirbýr útgáfu verksins Ísland, atvinnuhættir og menning. Verkið er tvíþætt. Annars vegar ritverk í nokkrum bindum með upplýsingum um meginfyrirtæki, félög, stofnanir og samtök á landinu. Hins vegar er um að ræða upplýsingaveitu á netinu, netgátt, sem hefur að geyma meginefni og ritverkið en veitir auk þess upplýsingar um starfsemi þúsunda annarra fyrirtækja, félaga, stofnana og samtaka.

Í ritinu er sveitarfélögum á Íslandi gerð góð skil og óskað er eftir að Blönduósþéttbær verði með í ritinu.

Bæjarráð hafnar erindinu.

5. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 24. ágúst 2011

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Ágústs Sigurðssonar, kt. 050545-2969, Geitaskarði, 540 Blönduósi, um endurnýjun leyfis til að reka gísitþjónustu í flokki I (heimagisting) að Geitaskarði, 541 Blönduósi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

6. Bréf frá Umboðsmanni Alþingis frá 14. júlí 2011

Kvartað var yfir skilyrðum sem settar voru til að hljóta endurnýjun á leyfi til að reka veitingastað á Blönduósi.

Niðurstaða Umboðsmanns Alþingis er á þá leið að umkvörtunarefnið sé ekki nægjanlega tilgreint og ekki stutt nægjanlegum gögnum til að vera tæk til umfjöllunar af hálfum Umboðsmanns Alþingis.

7. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 19. ágúst 2011

Leigusamningi við Blönduóbæ er sagt upp þar sem regluleg dómþing Héraðsdóms Norðurlands vestra eru lögð af á Blönduósi.

Lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Guðmundi S. Jóhannssyni frá 7. september 2011

Óskað er eftir styrk til að rita ábúendaskrá allra hreppa í Austur-Húnavatnssýslu. Bæjarráð hafnar erindinu en vill þakka sýndan áhuga.

9. Grunnskólinn á Blönduósi

Bæjarstjóri kynnti drög að starfslýsingum fyrir Íþróttamiðstöð.

Bæjarstjóra falið að vinna frekar að málinu í samræmi við umræður á fundinum.

10. Skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Fært í trúnaðarbók.

11. Önnur mál

Bæjarráð samþykkir að setja íbúð í blokkinni á sölu og fela fasteignasölu að selja íbúðina.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:10

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)